



Ársskýrsla 2007

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu 2007 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Það háði þó starfsemi safnsins að á tímabili var héraðsskjalavörður frá vinnu vegna veikinda. Þetta var um þriggja mánaða skeið á fyrri hluta ársins.

Opnunartími: Safnið var opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 11.00-17.00, eins og undanfarin ár.

Starfslið: Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður var í 50% starfi. Guðbjörg Sigurþórsdóttir var í 50% starfi við sérverkefni (Sigmundssafnið) til loka ársins, en frá byrjun árs 2008 er engin starfsemi á vegum safnsins vegna Sigmundsverkefnisins.

Fyrirspurnir: Skráðar voru 42 (55) fyrirspurnir eða erindi. Gestir á lesstofu voru 24 (60).

Aðföng: Aðföng til safnsins á árinu voru um 250 (350) móttækin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum. Safninu bárust góðar gjafir á árinu og ber að þakka gefendum fyrir þær.

Aðföng ársins 2007:

- Frá Björgunarfélagi Vestmannaeyja
- Frá Bókasafni Vestmannaeyja
- Frá Bridgefélagi Vestmannaeyja
- Frá Byggðasafni Vestmannaeyja
- Frá Eignarhaldsfélaginu Fasteign
- Frá Fiskiðjunni
- Frá Golfklúbb Vestmannaeyja
- Frá Hitaveitu Suðurnesja
- Frá Knattspyrnufélaginu Týr
- Frá Náttúrustofu Suðurlands
- Frá Trésmiðafélagi Vestmannaeyja
- Frá Verkstjórafélagi Vestmannaeyja
- Frá Vestmannaeyjabæ
- Frá Vinnslustöðinni
- Frá Visku, fræðslu- og símenntunarstöð
- Frá Vörubílstjórafélaginu Ekill
- Úr fórum Arnar Einarssonar frá Brekku

Úr fórum Arnodds Gunnlaugssonar, Gjábakka
Úr fórum Einars H. Eiríkssonar
Úr fórum Jóhanns Pálssonar, skipstjóra
Úr fórum Kristnýjar Ólafsdóttur frá Gíslholti
Úr fórum Valgerðar Hjartardóttur
Úr fórum Þórðar Stefánssonar

Norræni skjaladagurinn: Laugardaginn 10. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni var þema dagsins “mannlíf í skjölum” (mennesket I arkivet), sem höfðar til fjölda fólks með áhuga á persónusögu. Safnið tók þátt í Nótt safnanna sem haldin var þennan laugardag og sett var upp sýning á dagbókarbrotum, bréfum og myndum úr fórum Agnesar Aagaard, sýslumannsfrúar í Vestmannaeyjum 1874-1891, en safninu bárust dagbókarbrot hennar úr Eyjum til varðveislu frá sonardóttur hennar í Danmörku árið 1994. Sýningin stóð uppi fram í desembermánuð.

Fundir og námskeið: Héraðsskjalavörður sat lokaðan fund héraðsskjalavaraða og starfsmanna héraðsskjalasafna í boði Borgarskjalasafns Reykjavíkur þann 29. og 30. janúar þar sem skjalavarsla sveitarfélaga og starfsemi héraðsskjalasafna var meginviðfangsefnið, ásamt því hvort stofna ætti sérstakt félag héraðsskjalavaraða eða héraðsskjalasafna.

Að morgni 30. janúar sat héraðsskjalavörður fræðslufund um skjalaflokkunarkerfi sem boðað var til í samstarfi Þjóðskjalasafns Íslands, Lykils og Félags um skjalastjórn.

Héraðsskjalavörður sótti fund með héraðsskjalavörðum og starfsmönnum Þjóðskjalasafns Íslands í Reykjavík 22. og 23. nóvember, þar sem rætt var um héraðsskjalasöfnin á 60 ára afmæli reglugerðar um héraðsskjalasöfn, markmið þeirra og leiðir. Einnig var rætt um væntanlegar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskveiðum. Þ.e.a.s. samstarfsverkefni Þjóðskjalasafnsins og héraðsskjalasafnanna varðandi skráningu manntala og skjalasafna. Rætt var um rafræna skjalavörslu og tilraunaverkefni Þjóðskjalasafns og ríkisskattstjóra á því sviði og að endingu var kynning á verkefninu um endurskoðun handbókarinnar um skjalavörslu sveitarfélaga.

Vestmannaeyjum í apríl 2008

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður